

**FRÁSÖGN**

*af fundi þingmannanefndar og ráðherra EFTA á Sauðárkróki 25. júní 2018*

Hefðbundinn sumarfundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA fór fram á Sauðárkróki auk þess sem þingmannanefndin hélt fund með ráðgjafanefnd EFTA og eiginlegan nefndarfund. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Smári McCarthy formaður, Brynjar Níelsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson og Jón Gunnarsson auk Stígs Stefánssonar ritara.

Á fundi ráðgjafanefndar og þingmannanefndar EFTA var fjallað um ákvæði um vinnuvernd og sjálfbærni í fríverslunarsamningum EFTA. Ákvæðin voru samþykkt af ráðherrum EFTA árið 2010 og hafa verið í öllum fríverslunarsamningum samtakanna síðan þá. Ákvæðin vísa til alþjóðasamþykktar og samninga á sviði sjálfbærni og vinnuverndar. ESB hefur á móta ákvæði í sínum fríverslunarsamningum og eftirlitskerfi sem fylgist með framfylgd þeirra. Umgjörð EFTA til slíks eftirlits er aftur á móti mjög einföld og er það eitt af hlutverkum sameiginlegrar nefndar sem komið er á fót milli EFTA og samstarfsríkis við hvern fríverslunarsamning fyrir sig. Þannig geta fulltrúar EFTA tekið upp mál er varða vinnuvernd og sjálfbærni við samstarfsríki innan slíkra nefnda. Einungis þrisvar hafa slík mál verið tekin til umfjöllunar í sameiginlegum nefndum EFTA við Hong Kong, Svartfjallaland og Serbíu. Sérfræðingahópur hefur til skoðunar hvort ástæða sé að endurskoða ákvæði um sjálfbærni og vinnuvernd í fríverslunarsamningum EFTA og mun móta tillögur í þá veru.

Á fundi þingmannanefndar EFTA fór meðal annars fram kynning á skýrslu um viðskipti á milli EFTA-ríkjanna fjögurra árið 2017. Viðskiptakjör á milli Íslands, Noregs og Liechtenstein ráðast af EES-samningnum en Liechtenstein er jafnframt í tollabandalagi við Sviss. Viðskiptakjör Íslands og Noregs við Sviss eru samkvæmt EFTA-sáttmálanum. Vöruinnflutningur EFTA-ríkjanna frá hvert öðru nam 2,2 milljörðum evra árið 2017 sem er einungis 0,9% af heildarinnflutningi ríkjanna. Þó er hlutfallið mjög misjafnt eftir ríkjum og sker Ísland sig úr hvað varðar mikilvægi viðskipta við hin EFTA-ríkin. Þannig fór 6,1% vöruútflutnings Íslands til hinna EFTA-ríkjanna og 10,1% vöruinnflutnings Íslands kom frá þeim. Helstu útflutningsvörur Íslands til Noregs eru fiskimjöl til fiskeldis, skip, lýsi og vélar, meðal annars fyrir matvælaíðnaðinn. Til Sviss er einkum flutt út sjávarfang og landbúnaðarvörur, aðallega skyr, og gervilimir auk áls.

Þá ræddu þingmenn EFTA á fundi sínum nauðsyn þess að gera greiningu á því hvaða áhrif það hefði á EFTA ef Bretland gengi í samtökin að nýju eftir útgöngu sína úr ESB. Litlar líkur eru taldar á því að Bretland óski aðildar að EFTA en ef svo yrði væri nauðsynlegt fyrir samtökin að hafa unnið heimavinnuna sína með fyrirnefndri greiningu.

Á fundi þingmanna og ráðherra EFTA var að venju fjallað annars vegar um fríverslunarmál og hins vegar um EES-samstarfið. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra fór yfir fríverslunarmálin en eftir undirritun samnings við Ekvador 25. júní eru fríverslunarsamningar EFTA 28 talsins og taka þeir til 39 ríkja. Jafnframt var undirrituð uppfærsla á fríverslunarsamningi EFTA við Tyrkland frá árinu 1992 og tekur uppfærði samningurinn meðal annars til vöru- og þjónustuviðskipta, upprunavottunar, verndar hugverkaréttar og sjálfbærrar þróunar. EFTA á nú í fríverslunarviðræðum við Indland, Indónesíu, Malasíu, Víetnam og Mercosur sem er tollabandalag fjögurra Suður-Ameríkuríkja, Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Karin Keller-Sutter, formaður þingmannanefndar EFTA, hafði framsögu að hálfu þingmanna. Hún fór yfir samtöl og fundi þingmanna EFTA í Argentínu og Úrúgvæ í apríl sl. til þess að styðja við fríverslunarviðræður EFTA við Mercosur. Þá greindi hún frá því að þingmennirnir hygðust þrýsta á um að stjórnvöld í Suður-Kóreu hæfu viðræður við EFTA um uppfærslu á fríverslunarsamningi frá árinu 2005 sem bætti viðskiptakjör

til samræmis við þau sem kveðið væri á um í fríverslunarsamningi ESB og Suður-Kóreu frá 2015.

Nokkuð var rætt um endurskoðun á ákvæðum um vinnuvernd og sjálfbærni í fríverslunarsamningum EFTA og lögðu þingmennirnir áherslu á að ráðherrarnir hefðu samráð við þá áður en að ákvörðun kæmi. Í þessu sambandi tók Hanna Katrín Friðriksson upp möguleika á að fella jafnrétti og kynjasjónarmið inn í fríverslunarsamninga sem einnig var rætt á síðasta fundi þingmanna og ráðherra EFTA. Benti hún á að enn hefðu bæst við rannsóknir á þessu sviði sem sýndu skýrt tengslin á milli jafnréttis og efnahagslegrar þátttöku kvenna annars vegar og hagvaxtar og velsældar samfélaga hins vegar. Því var svarað til að sérfræðingahópnum, sem vinnur að því að yfirfara ákvæði um vinnuvernd og sjálfbærni í fríverslunarsamningum EFTA, væri einnig ætlað að meta kosti þess og galla að fella jafnréttisáherslur inn í samningana. Málið verður rætt að nýju á næsta fundi þingmanna og ráðherra EFTA.

Þá var fjallað um aukna spennu og vaxandi tilhneigingu til verndarstefnu í alþjóðaviðskiptum og hættu á viðskiptastríði. EFTA-ríkin eru öll mjög háð frjálsum alþjóðaviðskiptum byggðum á skýrum leikreglum og vilja gera sitt til að standa vörð um alþjóðaviðskiptakerfið. Sérlega mikilvægt væri að slá skjaldborg um Alþjóðaviðskiptastofnunina, regluverk hennar og úrræði til lausnar deilumála.

Þá var sem fyrr sagði fjallað um EES-mál og samskiptin við ESB á fundi þingmanna og ráðherra EFTA. Þar kom m.a. fram að svonefndur upptökuhalli, sem mælir tafir á upptöku gerða ESB í EES-samninginn, og innleiðingarhalli, sem mælir hvort gerðir sem teknar hafa verið upp í samninginn séu innleiddar í EFTA/EES-ríkjunum innan tilgreindra tímamarka, hefðu lækkað undanfarin misseri. Þó bíða um 550 gerðir upptöku í EES-samninginn, einkum á sviði fjármálamarkaða. Innleiðingarhalli hefur minnkað hjá öllum EES/EFTA-ríkjunum og sér í lagi á Íslandi en aukinn kraftur hefur verið settur í innleiðingarmálin með bættem verkferlum og fleiri starfsmönnum á þessu sviði.

Loks var fjallað um væntanlega útgöngu Bretlands úr ESB og hvöttu þingmennirnir til þess að EFTA mundi vinna greiningu á hugsanlegum afleiðingum aðildar Bretlands að EFTA þar sem viðskiptahagsmunir Bretlands annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar yrðu m.a. kortlagðir.

Frekari upplýsingar fást á vefsíðunni [www.efta.int](http://www.efta.int) og á nefndasviði Alþingis.